

Orkubú Vestfjarða ohf.  
Gunnar Páll Eydal  
Pósthólf 220  
400 Ísafjörður

Hafnarfjörður 25. september 2018  
Tilv. 2018-05-22-1344

Efni: Varðar gerð veituskurðar sunnan Grímsvatns í tengslum við stækkun Mjólkárvirkjunar.

Í umsókn dagsettri 21. september 2017 sótti Orkubú Vestfjarða ohf. um heimild til gerðar veituskurða og efnistöku vegna stækkunar Mjólkárvirkjunar. Umsókninni fylgdu jafnframt upplýsingar um framkvæmdina og umsögn Hafrannsóknastofnunar. Í umsögn Hafrannsóknastofnunar kom fram að erfitt væri að meta hugsanleg áhrif framkvæmdanna vegna skorts á upplýsingum um lífríki vatnanna. Með bréfi dagsettu 24. maí skýrði Fiskistofa að forsendur skorti fyrir útgáfu leyfis og fór fram á það að safnað yrði upplýsingum um lífríki þeirra vatna sem raskað yrði svo hægt verði að meta áhrif framkvæmdarinnar á lífríki þeirra og hugsanlegar veiðinýtjar. Fiskistofu barst með tölvupósti þann 21. september s.l. ósk um að Orkubúi Vestfjarða ohf. yrði veitt heimild til að grafa skurð sunnan Grímsvatns og veita með því vatni í Borgarhvíltarlæk, sem er hluti af fyrirhuguðum framkvæmdum vegna stækkunar Mjólkárvirkjunar. Umsókninni fylgdi minnisblað vegna úttektar Hafrannsóknastofnunar, en unnið er að úrvinnslu sýna og gagna sem safnað var nú í sumar.

Í minnisblaði Hafrannsóknastofnunar um framkvæmdina kemur m.a. fram: „*Út frá þeim gögnum sem nú liggja fyrir er ljóst að lífmassi frum- og síðframleiðenda í Hófsá og Grímsvatni er ekki mikill. Lítioð er hægt að segja til um fjölbreytileika hryggleysingja fyrr en úrvinnslu sýna verður lokið. Hvað fiska varðar þá er ljóst að notkun á vötnunum þremur, Grímsvatni, Vatni 626 og 632, til miðlunar hefur engin áhrif á fisk enda liklega alveg fisklaus. Þar sem gert er ráð fyrir að samfara miðlun vatnsins muni vatn til Hófsár minnka gæti það leitt til að dragi úr þéttleika fiska vegna skertra búsvæða. En á það ber að líta að þéttleiki fiska í Hófsá er lágor og veiðinýting í ánni engin.*“

Að teknu tilliti til minnisblaðs Hafrannsóknastofnunar og með vísan til 33. greinar laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði með síðari breytingum fellst Fiskistofa á að Orkubú Vestfjarða ohf. grafi skurð sunnan Grímsvatns og veiti með því vatni í Borgarhvíltarlæk í samræmi við umsókn. Fiskistofa leggur áherslu á að gengið verði snyrtilega frá svæðinu að framkvæmdum loknum. Heimildin gildir til 25. september 2020.

Fiskistofa vekur athygli á því að gjald er tekið fyrir leyfisveitingu vegna framkvæmda við ár og vötn (17.200 kr.) í samræmi við auglýsinguna nr. 1185/2017. Reikningur verður sendur í heimabanka.

Virðingarfyllst,  
Fiskistofa



Guðni Magnús Eiríksson  
Sviðsstjóri lax- og silungsveiðisviðs